

# BORÐEYRI

## Siglingar á söguöld

Kauptúnið Borðeyri er byggt í landi samnefndrar jarðar sem í daglegu tali er oftast kölluð Borðeyrarbær til aðgreiningar frá þorpínu. Borðeyrarbær er gömul bújörð og standa bæjarhúsin þremur kílómetrum utar með firðinum en kauptúnið. Hennar er getið í Grettissögu og sé sú saga nægjanlega traust heimild hefur jörðin verið byggð á söguöld. Skömmu eftir víg Jóns Arasonar biskups árið 1550 var gerð skrá um eignir Hólastóls í föstu og lausu og þar kemur fram að jörðin var í eigu biskupsins. Fljótlega eftir það varð jörðin konungseign, en komst í eigu ríkisins í byrjun síðustu aldar. Í dag er jörðin í einkaeign. Jörðin hefur verið eftirsóknarverð, þar er góð hafnaraðstaða og til Borðeyrar var silgt á fyrstu öldum byggðar í landinu.

Byggð á Borðeyri reis fyrst á svonefndum Borðeyrartanga. Tanginn er lítil sand- eða malaeyri sem skagar út í vestanverðan Hrútafjörð, um það bil fjóra til fimm kílómetra frá fjarðarbotni. Sunnan við eyrina er lítil vík er þar aðdýpi, allgott skipalægi og ágætt var fyrir hafátt og brimi. Upp af eyrinni er brattur melbakki og norður af honum langur melur, nefndur Borðeyrarmelur, brattur að austanverðu. Þar fyrir neðan er slétt eyri, allöng en frekar mjó. Þar er nú tún. Eyri þessi hefur stundum verið kölluð Austureyri eða Grundinn. Um Borðeyrarmel segir Þorvaldur Thoroddsen: „Malarkambur og fornar sjavarmenjar sjást alls staðar fram með Hrútafirði beggja megin, og eru malarkambarnir sem staðar tvöfaldir, eins og t.d. fyrir utan Borðeyri.“<sup>1</sup>

Vestan við melinn er lítill lækur sem í aldanna rás hefur grafið sér djúpan farveg sem kallast Lækjardalur. Lækurinn fellur í víkina sunnan Borðeyrar. Sunnan við víkina er önnur smáeyri, kölluð Stúfeyri. Vestan Lækjardals taka við holtahjallar og mýrarsund og er aflíðandi halli á landinu að sjó. Í vestir ber Stóruborgir hæst en þaðan er ágætt útsýni um Hrútafjörð og nágrenni Borðeyrar.

Í Vatnsdælasögu, þar sem greinir frá könnunarferð og landaleit Ingimundar gamla lánndámsmanns, er sagt frá tildrögum Borðeyrarnafnsins:

*Hann fór norður um sumarið í landaleit og fór upp Norðurárdal og kom ofan í eyðifjöðr einn. Og um daginn er þeir fóru með þeim firði þá hlupu úr fjalli að þeim tveir sauðir. Það voru hrútar.*

*Þá mælti Ingimundur: “Það mun vel til fallið að þessi fjörður heiti Hrútafjörður.”*

*Síðan komu þeir í fjörðinn og gerði þá þoku mikla. Þeir komu á eyri eina, fundu þeir þar borð stórt nýrekið.*

<sup>1</sup> Þorvaldur Thoroddsen: Ferðabók IV, s. 75

*Þá mælti Ingimundur: „Það mun ætlað að vér skulum hér örnefni gefa og mun það haldast og köllum eyrina Borðeyri“<sup>2</sup>*

Í fornum heimildum er oft getið um Borðeyri í sambandi við siglingar og farmennsku. Svo virðist sem á þjóðveldisöld hafi mikið verið silgt á Hrútafjörð, kaupskipin sett upp á Borðeyri og kaupmenn þeirra tíðar reist þar búðir eða tjöld og haldið kaupstefnur. Þegar Ólafur Olavius ferðaðist um landið á vegum dönsku stjórnarinnar á árunum 1775-’77 kom hann á Borðeyri. Hann segir í ferðabók sinni:

*Á eyrinni sjást tóftir gamalla verlunarhúsa. ...Á Stupeyri (þ.e. Stúfeyri), spottakorn fyrir sunnan Borðeyri, hafa fyrrum staðið naust; tvö þeirra voru 67 fet á lengd, en eitt aðeins 64, en öll voru þau 20 fet á breidd.<sup>3</sup>*

Eflaust eru þetta sömu tóftabrotin og getið er í lýsingu Prestbakkasóknar frá 1846 eftir séra Búa Jónsson á Prestbakka. Hann telur þessar búðarrústir á Borðeyri til merkustu fornminja í sókninni.

Í Íslendingasögum, Biskupasögum og Sturlungu er víða að finna frásagnir af siglingum í Hrútafjörð. Þá er gjarnan komist svo að orði að skip hafi komið í Hrútafjörð og Borðeyri eða að skip hafi staðið þar uppi. Í Laxdælu segir frá umsvifum hins mikla farmanns, Þorkels Eyjólfssonar, sem var fjórði maður Guðrúnar Ósvífursdóttur og langafi Ara fróða:

*„Hann var þá svo auðugur maður að hann átti tvo knerri í förum. Annar kom í Hrútafjörð á Borðeyri og var hvortveggja viði hlaðinn.“<sup>4</sup>*

Bendir þannig allt til þess að Borðeyri hafi verið í tölu meiri háttar siglinga- og kauphafna hér á landi frá fyrstu tíð, meðan landsmenn áttu sjálfir skip í förum og norskir kaupmenn stunduðu verslun á Íslandi. Eftir að þjóðveldið leið undir lok er sennilegt að siglingar til Borðeyrar hafi orðið nokkuð fátíðar. Farmenn og kaupmenn hafa kannski veigrað sér við að sigla um innanverðan Húnaflóa og firðina sem inn af honum ganga vegna hafíss sem var öllum sgilingum þrándur í götu og hindraði þær stundum algerlega svo árum skipti. Þó má telja líklegt að Hansakaupmenn og Englendingar hafi siglt til Borðeyrar fram undir 1600.

Í Skarðsárannál segir árið 1599: „Brotnaði skip þýskra kaupmanna í Hrútafirði, stóð þar um veturinn.“ Í sama annál hið næsta ár segir: Brotnaði annað skip í Hrútafirði, sem hugðist sækja hið fyrri. Stóð uppi tvö skip þar. Var mælt að væru gerningar þýskra galdrakonu.“ Enn segir að þessum óförum kaupmanna árið 1601: „Kom hið þriðja skip á Hrútafjörð, sótti annað fyrri, þriðja sundurdregið.“ Strax á eftir segir í annálum um annað efni sem þó er táknað um það sem á eftir fór: „Sorti á sólu um miðdegisleyti. Versnaði veðráttu, gerði harðindi“.<sup>5</sup> Þá varð sorti á sólu í þjóðlífi Íslendinga, því árið 1602 komst einokunarverslun á. Verslun á Borðeyri eða siglingar þangað er vart eða ekki getið næstu 250 ár. Einkaleyfi voru þó veitt til að sigla til Borðeyrar árin 1661 og ’62, eða á Rutefjord eins og staðurinn er nefndur í *Lovsamling for Island*. Óvíst er að leyfin hafi verið notuð.

Á þessu tímabili voru aðeins tveir verlsunarstaðir við Húnaflóa, Höfðakaupstaður (Skagaströnd) og Kúvíkur í Reykjafirði, en oft skutu einokunarkaupmenn sér undan því að sigla á Reykjafjörð. Mun það af einhverju leyti stafa af því að báðar hafnirnar voru leigðar

<sup>2</sup> Íslendingasögur III, s. 1860 (Vatnsdæla, kafli 14)

<sup>3</sup> Ólafur Olavius: Ferðabók I, s. 267.

<sup>4</sup> Íslendingasögur III, s. 1638 (Laxdæla, kafli 68).

<sup>5</sup> Annálar I, s. 183-6.

saman. Eitt skip var látið sigla á báða staði og sami kaupmaðurinn gegndi þar verslun. Var Reykjarfjörður skoðaður sem einskonar úthöfn frá Skagaströnd og látin mæta afgangi ef skipin voru í seinna lagi, sem oft bar við.

Varð Reykjarfjörður því stundum útundan, og þótt skipin kæmu þangað höfðu þau jafnan skamma viðdvöl, Sjaldnast gátu því aðrir en þeir sem næst bjuggu fært sér þessar skipakomur í nyt. Ormur Daðason sýslumaður segir í bréfum til stiftamtmanns 1720-’22 að engin maður úr syðstu þinghánnum í sýslunni, Broddanes – Bæjarsóknum, hafi séð framan í kaupmanninn í Reykjarfirði. Í sömu bréfum kemur fram að hollenskir duggarar venji komur sínar á Strandir og reki sumir verslun, þrátt fyrir að slíkt sé stranglega bannað. Sýslumaðurinn kvartar yfir að þeir noti sér neyð manna, selji dýrt og séu óbilgjarnir.

Úr Hrótafirði var verslun þá einkum sótt til Stykkishólms eða Búðarkaupstaðar, og voru á þessum tíma mikil samskipti milli Hrótafirðinga og hinna ýmsu verstaða á Snæfellsnesi og fólksflutningar allmiklir á milli héraða. Jafnvel var verslun sótt suður í Hafnarfjörð og vestur á Ísafjörð af þeim er það gátu.

Fjarlægðirnar voru miklar, verslunarferðir langar og strangar og Strandamenn því vonum óánægðir með ástandið. Ormur Daðason sýslumaður lagði oft til að kaupstaðurinn yrði færður sunnar í sýsluna, og árið 1740 stakk Einar Magnússon sýslumaður uppá að siglingar á Skagaströnd og Reykjarfjörð yrðu lagðar niður. Þess í stað yrði settur verslunarstaður á Borðeyri, og Húnvetningar og Strandamönnum gert að sækja þangað. Þessi tillaga fékk engan byr frá yfirvöldum.

Í ferðabók sinni frá síðari hluta 18. aldar segir Ólafur Olavíus að íbúum í nærsveitum Borðeyrar hafi verið mikið áhugmál að siglingar þangað yrðu teknar upp. Hann taldi rök til þess góð, menn ættu langt að sækja í kaupstað og hafnarskilyrði væru ágæt á Borðeyri. Þó lagði Ólafur til að fjörðurinn yrði mældur fyrst og kortlagður, enda væri skipaleið inn fyrir Hrótey þröng og vandrötuð.

## Löggiltur verlsunarstaður og lausakaupmennska

Þegar kom fram um miðja síðustu öld urðu tímamót hér á landi, og einnig í þessu byggðarlagi, ein hin mesta sem orðið höfðu um aldir. Þjóðin var að byrja að safna þrótti eftir að einokun var að hálfu létt af og einnig vegna góðæra á fjórða og fimmta tug aldarinnar. Samkeppni, sem oftast er fyrsta stig batnandi verslunar, var hafin í ýmsum verslunarstöðum landsins. Það var farið að sjást að kaupmenn vildu leita fólkið uppi og lögðu sig eftir að ná viðskiptum þess, með því að versla víðar en áður og á þann vega gera viðskiptamönnum hægara fyrir.

Fyrir Alþingi 1845 var lagt stjórnarfrumvarp um „að setja tvö kauptún.“ Borðeyri var annað þeirra. Í greinargerð rentukammersins segir:

*Með bréfduggunni, er seinast kom frá Íslandi, kom bænaskrá frá 25 búendum við Hrótafjörð í Strandasýslu í vesturamt Íslands, og beiddust þeir, að allra náðugast yrði leyft að sigla inn í höfnina við Borðeyri í Hrótafirði til reynslu í 5 ár, og að versla þar úti á höfninni, eftir þeim ákvörðunum, er almennt gilda um lausakaupverslun.<sup>6</sup>*

Í bænaskránni var sýnt fram á að um mikla fjarlægð í verslunarstað væri að ræða fyrir almenning þar í nærsveitum, ferðir mjög kostnaðarsamar og auk þess á óhentugasta tíma. Sýslumaðurinn og amtmaður höfðu báðir borið vitni um að bændur hefðu lög að mæla.

<sup>6</sup> *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga 1845, viðb. S. 77*

Sýslumaðurinn mælti með bænaskránni, og amtmaður tók fram að það eina sem gæti verið ísjárvert við samþykkt hennar væri að þessi ráðstöfun kynni að raska stöðu þeirra verslunarstaða er fyrir voru og skapa fordæmi fyrir fleiri. Rentukammerið taldi þessi rök þó léttvæg enda hefðu bændur yfirleitt verslað lítið vegna erfiðleika með flutning og einnig mjög víða, ýmist á Skagaströnd, Reykjafirði, Stykkishólmi, Búðum, Ólafsvík eða í Reykjavík. Hagsmunir bænda að fá einkar hentugt kaupsstæði væri hins vegar miklar.

Frumvarpið var samþykkt umræðulaust frá Alþingi að tillögu Jóns Sigurðssonar og Borðeyri löggjafarverslunarstaður með konungsbréfi útgefnu 23. Desember 1846.<sup>7</sup>

Til umræðu kom heima í héraði að setja kaupsstæði niður í Kjörseyrartanga, eflaust vegna þess að hann er mun stærri en Borðeyrartangi og rýmra um og einnig minni hætta á að lagís á firðinum tálmaði siglingar. Þá var Matthías Sivertsen bóndi á Kjörseyri, hreppstjóri og áhrifamaður í sveitinni. Lagðist hann eindregið gegn þessum hugmyndum, hefur ef til vill ekki litist á að fá verslun í túnfótinn með öllum þeim umsvifum og örtröð er henni fylgdi í kaupsstæði.

Löggjafarverslunin dugði ekki til þess að siglingar hæfust á ný, enda Hrútafjörður löngum þótt vandrötuð siglingaleið. Á þeim tíma hafa fáir eða engir skipsstjórnar kaupskipa þekkt hann að ráði, enda fjörðurinn hvorki mældur né kortlagður. Forvígismenn héraðsins gengust því fyrir að fá kaupmenn til að sigla inn á Hrútafjörð til Borðeyrar með vörur. Fremstur í flokki var hinn aldri höfðingi Jón Jónsson, kammeráð á Melum og fyrrverandi sýslumaður, og með honum sr. Þórarinn Kristjánsson, prófastur á Prestbakka. Tóku þeir sér ferð á hendur vestur á Snæfellsnes og töldu Hans A. Clausen, kaupmann í Ólafsvík, á að senda skip til Borðeyrar. Clausen rak verslun í Stykkishólmi og Ólafsvík, á Búðum og Ísafirði.

Ekki hefur þetta verið auðsótt mál, því sýslumaður varð að setja jörð að veði fyrir skipin ef því skildi hlekkjast á, 40 hundruð í jörðinni Hofstaðir í Miklaholtshreppi í Snæfellsnessýslu. Vara var lítil til, en til uppfyllingar var rifinn úr búðarhillum í verslunum Calusens alls konar glysvarningur sem ekki hafði gengið út og settur í skipið.

Í ofsa norðan roki og þoku hinn 28. júní 1848 silgdi svo Ungi Svanurinn, inn fjörðinn og komst heilu og höldnu til Borðeyrar. Skipið var tvímöstruð skonnorta, 48 lestir að stærð. Skipstjórinn hét Sörensen, var hugaður vel og einn besti skipstjóri Clausens. Enginn hafsögðumaður var með skipinu, heldur maður frá Búðum sem hafði komið einu sinni til Hrútafjarðar og það mikið áráði.

Sá hét I. C. Brant er rak verslunina á skipinu og sagður einn af bestu mönnum Clausens. Með því var einnig Árni Sandholt, kaupmaður og félagi Clausens. Höfðu þeir verkaskipti þannig að Brant var við bókina en Árni var vigtmaður á þilfari. Það var uppi fótur og fit í nærsveitum er skipkoman spurðist og fóru menn í hópum til kaupskapar á Borðeyri. Því sem næst öll varan seldist á einni viku.

---

<sup>7</sup> Í ýmsum greinum um Borðeyri er konungsbréfið ranglega sagt dagsett 13. desember. Sú villa virðist upphaflega runnin frá stafsetningarvillu í Alþingistíðindum 1847.

Þann dag er skipið kom stóð svo á að haldin var mikil veisla á Þóroddstöðum. Þar voru þrenn brúðhjón að halda brúðkaup sitt. Það voru Daníel Jónsson, síðar hreppstjóri og dannebrogismaður á Þóroddstöðum, og brúður hans var Valgerður Tómasdóttir frá Broddanesi. Önnur brúðhjón voru Björn Daníelsson frá Tannstaðarbakka og Anna Ísleifsdóttir. Þriðju voru Guðmundur Zakaríasson frá Stað og Guðný Tómasdóttir, systir Valgerðar sem fyrr var nefnd.

Brúðkaupsveislan stóð sem hæst þegar menn urðu þess varir að skip silgdi inn Hróteyjarsund. Greip þá veislugesti írafár og tóku þeir hesta sína hver sem betur gat, og meira að segja brúðgumar létu sitt ekki eftir liggja. Riðu menn í spretti inn á leirur og yfir vaðlana, og segir sagan að ekki hafi sést í menn eða hesta fyrir vatns-og sjávarkófi. Voru skipverjar að kasta akkerum þegar þeir sem best voru ríðandi komu á Borðeyrina. Mælt er að ein brúðurinn, Anna Ísleifsdóttir, hafi látið þau orð falla að þessi truflun á veislunni, er menn ruku í burtu í ofboði, boðaði óhamingju í hjónabandinu. Það væri gömul þjóðtrú. Hún missti mann sinn í sjóinn eftir átta ára sambúð. Það er einnig í frásögur fært að Jón kammeráður á Melum sendi skipsmönnum vel alið naut, sem þakklætisvott fyrir áræðið og dugnað og hefðu þeir vel fagnað óvæntri gjöf.

Næsta sumar kom engin sigling til Borðeyrar, en árið 1850 kom þangað Hildebrandt frá Hólanesi á skipinu Fortuna. Sama ár kom einnig Jacobsen, kaupmaður frá Skagaströnd, á skipi sínu Experment og var maður að nafni Riss skiptstjóri, faðir Richards P. Riis er síðar varð kaupmaður á Borðeyri. Clausen sendi einnig Sörensen skipstjóra sinn en nú á stærra skipi er Meta hét og var 70 lestir. Nú voru skipin lestuð erlendis en ekki send með vöruleifar.  
8

Um þessar mundir bjó á Kolbeinsá eyfirskur maður, Ólafur Gíslason. Hann var mikill sægarpur og hákarlaveiðimaður. Sótti jakt til Kaupmannahafnar veturinn 1859. Ólafur var hafnsögumaður í Hrótafirði er siglingar hófust að nýju, og allan þann tíma er lausakaupmenn eða spekulantar sigldu til Borðeyrar. Lóðsaði hann mörgum af þeim skipum er komu í Hrótafjörð, en fyrir kom að hann var í hákarlalegu er skip komu inn og urðu þau þá að sigla leiðsögulaust. Einnig kom fyrir að það var gert af sparnaðarástæðum því hafnsögumaður var nokkuð dýr, 28 dali kostaði að leiðbeina skipi inn en 16 dali út. Lausakaupmenn komu venjulega um fardaga og máttu versla í mánuð, en urðu annars fyrir útgjöldum. Pantaðar vörur mátti þó afgreiða eftir þann tíma.

Ýmsir kaupmenn sigldu til Borðeyrar um þetta leyti, og komu tveir til þrír eða fleiri á hverju vori. Oftast er nefndur Bjarni Sandholt, mágur Hans Clausens, og Valdimar Bryde, einnig Carl Fredrik Glad frá Kjöge sem talinn var helsti keppinautur hinna. Þótti hann gefa betri kjör og vera liprari. Í því sambandi má nefna frásögn Finns Jónssonar á Kjörseyri um Ólaf hafnsögumann og Kolbeinsá og samskipti hans við kaupmenn:

---

<sup>8</sup> Í Brandstaðaannál Björns Bjarnasonar er öðruvísi sagt frá upphafi verslunar á Borðeyri. Árið 1849 segir: „Nú byrjaði Borðeyrarhöndlun. Fóru 2 skip frá Höfðakaupstað þangað, og lausakaupmaður kom þar með það þriðja.“ (s. 167). Hann segir einnig að þrjú skip hafi komið 1850 og '51 og þá hafi verið orðin mikil verslun á Borðeyri: „Sóttu þangað lestir sunnan yfir heiði og vestan úr Dölum og allur Miðfjörður.“ (s. 177).

*Menntaskortur og aðrar kringumstæður ollu því, að Ólafur gat ekki notið sín, eins og hann hafði hæfileika til. Hann gat aldrei sett sig inn í landsmálin, og ættjarðarástin var aukaatriði hjá honum og skáldagrillur. En fyrir kaupmannastéttinni bar hann mikla virðingu og var talinn kaupmannavinur. Sér í lagi var hann í miklum kunnugleikum við þá, er ráku hér verslun Clausens gamla. Bjarni Sandholt, lausakaupmaður, mágur Clausens, kom fjöldamörg ár á Borðeyri, og var Ólafur honum handgenginn. En sagt var, að Bjarni hefði ekki verið nein fyrirmynd að veglyndi eða menntun. Og það var sannfæring margra manna, að Ólafur hefði eitt sinn snúið aftur, hér við fjarðarmynnið, lausakaupmanni, Carl Fredrik Glad frá Kjöge...<sup>9</sup>*

Talið var víst að Ólafur gerði þetta fyrir orð Sandholts, því Glad var seinni á ferðinni. Hvað sem satt er í þessu hlaut Ólafur mikið ámæli hjá alþýðu fyrir. Gremja manna var svo mikil að ýmsir fóru að yrkja um atvikið. Magnús Hróutfjörð, karl í sýslunni, orti þessa vísu um Ólaf:

Þjóðníðingur þaut af stað

Á þóftunað;

Sneri aftur gildum Glad

Um geirhvalshlað.<sup>10</sup>

Það sem hér er sagt um lausakaupmennsku og siglingar til Borðeyrar frá 1848 er að mestu eftir merkri grein eftir Jónadab Guðmundsson sem birtist í blaðinu Vanadís árið 1915 undir nafninu *Fyrsta Borðeyrarverslunin*. Jónadab var lengi ferjumaður milli skips og lands á Borðeyri í kauptíð spekulanta og bjó á Borðeyri um hríð. Verður nú Jónadab gefið orðið um stund:

Kvenfólkið var afar fíkið í að fara út í spekulantana, komu þær oft hundruðum saman á Borðeyri og var tanginn stundum fullur. Var þá orðtak þeirra á dönsku: „Margar pilsungar“

Dálítið versluðu þær, keyptu helst klúta eða léreftsbætur, en höfðu afar gaman af að skoða kramið. Svo var og með unglingspilta að þeir sóttu mjög eftir að koma útí spekulantana. Höfðu þeir að jafnaði pelaglas með sér og sníktu á það áður [en] þeir fóru. Bændurnir höfðu gjarnan þriggja pela flöskur og Finnur á Fitjum kom með kút fyrir nestispela. Voru spekulantar örlátir á áfengið og var ekki neitað um á ferðapelann. En á kveldin var venja spekulantanna að bera sig sama um það sem gerst hafði um daginn. Kom þá stundum upp úr kafinu að sami maður hafði komið til þeirra allra með kút og náði sér þannig í allgóðan forða af brennivíni. Var þá talað um að takmarka brennivínsgjafir, en Bjarni Sandholt bróðir Árna og félagi Clausens tók málstað viðskiptamannanna; sagði hann að þetta væri eina skemmtunin sem þessi grey hefðu á árinu þegar þeir kæmu og varð nú engin fyrirstaða sem að gefið væri á ferðapelann.

Verslun óx stórum við það að spekulantar komu. T.d. var áður tekið til meðal heimilis 5 pund af kaffi til ársins en nú um 30 pund. Áður 5-6 pottar af brennivíni, en nú þótti ekki mikið þó tekin væri tunna.

Kornvaravar flutt laus í skipunum, en brennivínstunnur og kvartil voru á dreif innan um kornbingina og þurfti þá oft að grafa upp ef eftirspurnin var meiri eftir brennivíni en kornmatnum. Kornvaran var í stórllestinni en tjara og járn í framlestinni.

<sup>9</sup> Finnur Jónsson: *Þjóðhættir og ævisögur*, s. 202-3

<sup>10</sup> Finnur Jónsson: *Þjóðhættir og ævisögur*, s. 203

Til meðal heimilis (10-12 manna) voru teknar 7 tunnur af kornmat. Rúgmjölshálftunnan (80 pund) kostaði 8 dali. Sama verð var á ertunum og rúgi en bankabygg var tveim dölum dýrara og sama verð var á heilrís og hálf rís, sem selt var í 100 punda pokum. Þekktist sú kornvara ekki þar um slóðir fyrr en spekúlantarnir komu.

Brennivínspotturinn kostaði mark en í tunnum kostaði hann 14 skilinga og fylgdi tréð með gefins.<sup>11</sup> Annað áfengi var ekstrakt, mjöð og rauðvín. Bæverst öl höfðu spekúlar einnig, en aðeins sem skipsforða og seldu það ekki, en veittu einstaka mönnum. Rjól kostaði tónmark en rulla 4 mörk. Vindlar kostuðu ríkisdal hundrað, slæm tegund, en aðrir mjög dýrir. Lítið var um reykþóbak, var það selt í bréfum „Kardus“, „Biskup“, „Blámaður“.

Ull var tekin á tónmark pundið, tólg á ríkisort og sellýsi 25 dali tunnan. Var þetta aðalvara landsmanna. Þá voru og lambskinn keypt á 8 skilinga, tófuskinn mórauð á 4 dali en hvít á 2 dali. Selskinn voru ekki seld.

Framan af komu spekúlar sér saman um vöruverðið áður en þeir byrjuðu verlsunina, en er *Glad* spekúlar kom á skipi sínu *Agnet* í Köje þá sveik hann alla þá samninga. Seldi miklu ódýrar og gaf betur fyrir innlendu vöruna. *Glad* seldi t.d. kaffið á 20 skilinga, sem hinir seldu á ríkisort.<sup>12</sup> Kom *Glad* hvert sumarið eftir annað og urðu spekúlararnir að breyta vöruverði sínu eftir honum hvort sem þeim var það ljúft eða leitt.

Árið 1853 kom og *Jóhannes forgyllt* frá Reykjavík. Var það skip Grósseraverslunarinnar og með því Jón Stefánsson frá Straumi á Skógarströnd, hét Clausen skipstjórinn. Ekki kom það skip oft. Þá kom og einu sinni Ásgeir Ásgeirsson frá Ísafirði síðar etasráð. Hét skip hans *Lovisa*. Þorlákur kaupmaður Johnson frá Reykjavík kom og eitt sumar á ensku skipi og ýmsir fleiri komu, er ekki verða hér taldir.

Það var venja spekúlara að taka sér einn hátíðisdag. Völdu þeir til þess afmæli Clausens gamla í Stykkishólmi. Fóru þeir þá út að Reykjalaug og voru þar sem hveralækurinn skiptist og síðan er kallað Kaupmannahólmi. Höfðu þeir með sér klyfjahesta og á þeim svínaflesk, skonrok, öl, brennivín og romm. Voru þangað allir velkomnir og hverjum veitt eftir vild. Notuðu héraðsmenn vel boðið og var aðsókn sem á hvelvfjöru. Enginn kvenmaður sótti þá samkomu.

Annars var yfirleitt hver dagurinn öðrum líkur meðan spekúlararnir voru við Borðeyri.

Klukkan að ganga 6 á morgnana fór kokkurinn á fætur og ferjumaðurinn. Var þá oft komið margt fólk á tangann. Gekk svo ferjan milli skips og lands allan daginn og langt fram á nótt og oftast hlaðin af fólki og ull og annari vöru. Allir fengu frítt far.

Flestir spekúlar létu hönd selja hendi, en Bjarni Sandholt og Bryde lánuðu nær eftir vild.<sup>13</sup>

Siglingar lausakaupmanna til Borðeyrar stóðu í 31 ár, árið 1879 var þeim hætt. Eftir það er aðeins um fasta verlsun að ræða.

## **Péturs þáttur Eggertz og Félagsverslun við Húnaflóa**

<sup>11</sup> Verðeiningar þær sem hér eru notaðar má skýra þannig: 1 dalur = 6 mörk = 96 skilingar. Þannig var eitt mark jafngildi 16 skilinga.

<sup>12</sup> Ríkisort var jafngildi 24 skilinga.

<sup>13</sup> Jónab Guðmundsson: „Fyrsta Borðeyrarverslun,“ s. 211-14.

Sá maður sem með réttu má kallast faðir Borðeyrar, er Pétur Eggertz. Hann var fæddur 11. apríl 1832 í Akureyjum, sonur Friðriks Eggertz, prests í Skarðsþingum og konu hans Arndísar Pétursdóttur. Pétur fór ungur til Englands og lærði verslunarfræði. Tuttugu og fjögurra ár að aldri flutti hann norður í Hrutafjörð og settist að á Borðeyrabæ. Þá bjó þar Ragnheiður, ekkja Vigfúsar Thorarensens sýslumans. Voru þær systur, Jakobína fyrri kona Péturs Eggertz og Ragnheiður, dætur Páls Melsteð amtmanns. Jakobína lést haustið 1870 en Pétur kvæntist aftur fjórum árum síðar, Sigríði Guðmundsdóttir frá Kollsá.

Árið 1857 tók Pétur Borðeyrabæ til ábúðar, og sama ár fékk hann verslunarleyfi. Árið eftir setti hann ráðsmann fyrir búið en flutti sjálfur á Borðeyrantanga, í lítinn torfbæ er hann byggði þar og bjó í fyrstu árin. Fljótlega gerðist hann mikill athafnamaður um byggingar. Árið 1860 reisti hann 12x24 álna vörugeymsluhús, vandað að viðum og öllum frágangi, enda var hann þá farinn að versla með vöruleifar frá lausakaupmönnum. Mest frá skipum Clausens.

Húsið stóð í nær 100 ár, og muna það margir í dag sem pakkhús Kaupfélagsins. Yfir því var loft eða rishæð, oftast kallað Langaloft og var síðar um hríð notað sem svefnloft fyrir starfsfólk í sláturtíð. Fóru sögur af galsafengnum uppátektum manna sem þar söfnuðust saman á haustin. Meira að segja rosknir og virðulegir bændur áttu til að sýna af sér hinn mesta strákskap. Flugust á og glímdu og höfðu frammi hrekkjabrögð hver við annan í græskulausu gamni. Gamla pakkhúsið var rífið 1958. Það vék fyrir nýju verslunarhúsi Kaupfélagsins.

Á árunum 1862-’64 reisti Pétur vandað timburhús sem stendur enn, járnklætt á hlöðnum grunni. Hús þetta er ein hæð og rishæð. Í því hafið hann krambúð í suðurendanum um hríð, þá fyrstu sem getið er um á Borðeyri og er hún komin þar 1864. Að öðru leyti var þetta fyrst og fremst íbúðarhús og mun hafa verið kallað faktorshús í fyrstu, en síðar Riishús og undir því nafni er það skráð í dag. Þetta er eina byggingin á Borðeyri frá þessum tíma sem enn stendur og eflaust eitt elsta hús við Húnaflóa.

Fyrir árið 1868 var Pétur Eggertz búinn að reisa þriðja húsið, eina hæð og ris í svipuðum stíl og Riishúsið. Þetta hús var vörugeymsla og krambúð, og komst síðar í eigu Clausenverslunar sem byggði hæð ofan á húsið. Þetta hús brann til grunna í brunanum mikla á Borðeyri 1941, þá í eigu Kaupfélagsins.

Öllum má ljóst vera af þessari byggingasögu, sem spannar ekki nema tæpan áratug, að Pétur Eggertz var ekki neinn meðalmaður. Hann átti sér stóra drauma og náði að hrinda í framkvæmd ótrúlega miklu á skömmum tíma. En áður en fleiri athafnir hans er getið er rétt að kynna sér hvað samtímamaður Péturs í héraðinu og góður kunnigi segir um hann. Í minnisblöðum sínum segir Finnur Jónsson á Kjörseyri:

*Eins og gengur var Pétur fyrir ómildum dómum, sem aðrir kaupmenn. Voru margir þeirra dóma óréttlátir og náðu engri átt. Aftur er það sannfæring mín, að Pétur hafi verið til annars betur lagadur en kaupmennskunnar. Ég hygg, að hefði hann lesið læknisfræði, hefði hann orðið frægur læknir. Hann var mjög nákvæmur við þá, sem sjúkir voru, hafði sérlega gott vit á lækningum og hjálpaði mörgum. Líka var hann einkar laginn að teikna og mála, og þess sagðist hann hafa verið hæfastur til. Einnig var hann besti smiður, þegar hann tók á því, og í einu orði sagt, var hann með listfengustu mönnum, sem ég hefi haft kynni af. Ég kynntinst honum í fjölda mörg ár, og er það sannfæring mín, að Pétur væri í innsta eðli sínu merkasti og besti drengur. En það var mér líka kunnugt, að hann*



*var ekki ætíð sanngjarn í garð þeirra, sem hann áleit mótstöðumenn sína, og verður svo fleirum mikillhæfum og geðríkum mönnum. Svo verður þess að gæta, að Pétur ólst upp hjá föður sínum, séra Friðriki í Akureyjum, er lengi var talinn blendinn maður, þótt hann hefði ýmsa góða kosti.*

*Pétur var mæðumaður. Á besta aldri sýktist hann af hnémeini, um það leyti sem hann fór að byggja á Borðeyri. Eftir miklar þjáningar fór hann til Englands og lær taka af sér fótinn, nokkru fyrir ofan hné. Seinna fótbrotnaði hann tvisvar á sama fætinum, þeim, sem heilbrigður var. Ótal margt annað sorglegt mætti honum. En allt fram undir síðustu æviár hélt hann sínum óbilandi kjarki og glaðlyndi, svo að segja mátti, að hann væri hrókur fagnaðar.<sup>14</sup>*

Af frásögnum Finns og öðrum heimildum má ráða að Pétur var stórhuga, djarfur og framfarasinnaður atorkumaður, lét ekki fötlun sína aftra sér og var einn af fáum sem þá var eitthvað menntaður. Í héraðinu varð nokkur framfarahugur á sjöunda tug aldarinnar og er það flest til Péturs rakið, svo sem stofnun Lestrarfélags Hrútfirðinga og hugmyndin um alþýðuskóla á Borðeyri. En fleiri komu þar við sögu.

Lestrarfélag Hrútfirðinga stofnaði Pétur 1865 og pantaði allar bækur fyrir það, bæði íslenskar og danskar. Jón Sigurðsson forseti var umboðsmaður lestrarfélagsins í Höfn og sendi bækur á hverju ári. Í bréfi til Jóns, dagsettu 29. febrúar 1868, kemst Pétur svo að orði um félagsstofnun þessa: „Seigt og fast hefur gengið um að koma lestrarfélaginu hér á, en af því að nú eru að kalla allir bændur hér í firðinum gengnir í það, vona ég að það deyi ekki út af í bráð“.<sup>15</sup>

Í því ágæta riti *Saga Torfa Bjarnasonar og Ólafsdalskóla*, eftir Játvarð Jökul Júlíusson, kemur fram að haustið 1867 fór Torfi á Borðeyri til Péturs, en þeir áttu sameiginlegt að báðir höfðu lært á Bretlandseyjum. Á þessum haustdögum tóks með þeim samstarf um að efna til víðtækra samskota fyrir Alþýðuskóla á Borðeyri. Torfi fór í ársbyrjun 1868 suður á land til sjóróðra með boðsbréf þeirra félaga í farangri sínum, en Pétur stjórnaði samskotum heima í héraði og þau urðu allmikil um nærlyggjandi sýslur. Í bréfi til Jóns Sigurðssonar í febrúar 1868 segir Pétur:

*Ég verða líka að minnast á, hvað við Torfi Bjarnason frá Þingeyrum og nokkrir Hrútfirðingar erum að gera tilraun til að koma á fót, þó að það sé ennþá ekki komið einu sinni á annað hnéð, en það er alþýðuskóli, hvar unglingar og vaxnir menn, 10 ára og eldri, geta fengið næga tilsögn í skrift, réttitun, reikningslist, landafræði, sögu, dönsku, enski og máské fleiru... Torfi ráðgerði að fara suður í Reykjavík og skrifa yður þaðan greinilegar um þetta um leið og lætur prenta boðsbréf um samskot til skólahússbyggingarinnar.<sup>16</sup>*

Þann 20. desember 1868 skrifar Pétur Torfa. Þá hafði skóli staðið fram að þessum tíma. Kennari var Jónas Björnsson frá Þormóðstungu í Vatnsdal, en hann var prestlærður og síðar prestur á Ríp. Pétur segir samskotin aukast og að til sín séu komnir 800 ríkisdalir. Í Húnavatnssýslu voru veruleg samskot en seinna ákváðu ráðamenn þar að færa 600 ríkisdali af þeim til kvennaskólans á Ytri-Ey.

<sup>14</sup> Finnu Jónsson: *Þjóðhættir og ævisögur*, s. 181-2.

<sup>15</sup> Guðmundur Eggertz: *Minningabók*, s. 5-6.

<sup>16</sup> Guðmundur Eggertz: *Minningabók*, s. 9-10.

Til frekara skólahlalds á Borðeyri kom ekki og hugmyndin náði aldrei að komast vel á legg. En öruggt má telja að hún varð hvati til framfara sem breiddist út um nærliggjandi héruð, kom róti á hug manna og eggjaði dáð. Hið eina sem minnir áþreifanlega á þessa alþýðuskólavakningu í dag, er sparisjóðsbók í Sparisjóði Hrútafjarðar sem skráð er á Alþýðuskólasjóð Borðeyrar. Hefur þessi bók fylgt Sparisjóðnum alla tíð.

En önnur stórvirki taka nú hug Péturs og þau sem hann er kunnastur af. Talið er að árið 1869 hafi verið í gangi töluverð umræða um stofnun verslunarfélags fyrir byggðarlögin við Húnaflóa. Það var Páll J. Vídalín alþingismaður í Víðidalstungu, mágur Péturs, sem bar fyrstur upp tillögu þess efnis á fundi á Þingeyrum 8. október 1869.<sup>17</sup> Tillagan fékk góðar undirtektir og voru Páll Vídalín, Pétur Eggertz og séra Sveinn Skúlason á Staðrabakka kosnir í framkvæmdanefnd.

Þann 15. mars 1870 var fundurinn haldinn að Gauksmýri, þar sem Félagsverslunin við Húnaflóa var formlega stofnuð og lög fyrir hana samþykkt. Þetta var hlutafélag og hvert hlutabréf var virt á 25 ríkisdali og skyldu hlutir vera 800 talsins. Páll Vídalín var kosin forseti félagsins, en Pétur Eggertz ráðinn kaupstjóri. Mjög mikil þáttaka varð strax í þessari félagsstofnun, þó svo hlutabréfin væru fulldýr fyrir fátæka bændur. Árið 1875 náði Félagsverslunin yfir sex sýslur.

Aðalstöðvar félagsins voru á Borðeyri í verslunarhúsum þeim er Pétur var búinn að reisa, og er félagið oft kennt við staðinn og kallað Borðeyrarfélagið. Pétur seldi félaginu verlunarhúsin og lagði andvirðið fram sem hlutafé.

Það munu vera margar ástæður er lágu að baki þessari tilraun að koma á fót innlendri verlsun. Einn þeirra sem hvatti Pétur til dáða og framfara var Jón Sigurðsson forseti, en þeir skiptust á bréfum um þetta mál sem önnur. Annað sem brann á mörgum sem skiptu við lausakaupmenn var hversu óvandaða vöru þeir fluttu oft og einatt, jafnvel skemmda. Frægasta dæmið um slíkt var þegar flutt var ormakorn, þ.e. maðkað mjöl. Í fréttabréfi úr Steingrímsfirði í ágúst 1869 segir:

*Í Hrútafirði var allur rúgur með ornum, en margir landsmenn svo lyndir að þeir vilja heldur deyja af hungri, eða einhverju öðru, en ormaáti; hungrið hefur að sönnu þrýst mönnum til að leggja sér til muns marga „úátan“, en aldrei orma.<sup>18</sup>*

Árið 1872 var sendur út um félagssvæðið 25 síðna ritlingur, *Sendibréf til Húnavetninga og Skagfirðinga*, þar sem verslunarfrelsið og Félagsverslunin var lofuð mjög, en erlendum kaupmönnum hallmæt að sama skapi. Óvíst er um höfund hans, en Pétur Eggertz og Björn M. Ólssen hafa verið nefndir. Í honum segir frá ormakorninu:

*Svo stóð á, að maðkað korn var til sölu erlendis, og var það, að sögn, selt fyrir gjafvirði, sem annað óæti, er enginn vildi bjóða hundinum sínum; þetta korn keyptu kaupmenn, og fluttu það upp til Íslands og seldu það þar, sem óskemmda vöru, fyrir fullt verð (10 – 11 ríkisdali tunnuna). Þetta léku helst þeir félagar Clausen og Sandholt fyrir vestan,*

<sup>17</sup> Nokkuð víða hefur sú villa ratað á prent að félagið hafi verið stofnað þennan dag. Eflaust má rekja hana til *Sendibréfs til Húnavetninga og Skagfirðinga*, sbr. Arnór Sigurjónsson: *Íslensk samvinnufélög hundrað ára*, s. 138-9

<sup>18</sup> *Norðanfari*, 7. des. 1969.

*Hildebrand á Hólanesi og Bjarni Sandholt, lausakaupmaður Borðeyri, buðu mönnum sömu kjör fyrir norðan. ... [M]enn streittust við í lengstu lög, að kaupa ekki kornið, og mikið að því lá líka óselt til vetrar, en, þegar á leið veturinn, þrýsti þó hungrið svo að mönnum, að allt vannst upp á útmánuðum.<sup>19</sup>*

Í Hrutafirði hefur lifað vísa eins frá þessum tíma, sem varð húsgangur og sýnir hug alþýðunnar til kaupmannsins sem prettaði fólk og bauð upp á svikna vöru:

Sandholt út á höfnum hóar,

Í helvíti kvalir eru nógar.

Ormarnir í korninu kalla:

„Komdu pabbi og éttu okkur alla“

Pétur Eggertz fór út til að kaupa vörur fyrir Félagsverslunina strax haustið 1870 og kom snemma sumars árið eftir á 60 lesta skipi hlöðnu af vörum til Borðeyrar. Voru þær fengnar að láni hjá íslenska samlaginu í Björgvin, en það félag varð Pétri velviljað og lánaði Félagsversluninni mikið af vörum. Í fréttabréfi í Norðanfara, dagsettu 9. júlí segir: „Sagt er að hann hafi gæða matvöru og afbragðs kaffi. Hann er líka sagður kominn með mörg búnaðaráhöld utan- og innanhúss til sýnis“.<sup>20</sup> Í bréfi til Jóns Sigurðssonar kemur fram að sama sumar flutti Pétur út 47.000 pund af ull. Meðal þeirra sem unnu að rekstri verslunarinnar með Pétri Eggertz var sr. Jón Auðunn Blöndal, hann var verslunarstjóri á Borðeyri fyrstu árin, en síðan í Grafarósi í Skagafirði. Þá má nefna Thomas Thomsen, hann starfar við Félagsverslunina á Borðeyri um hríð, en flutti síðan til Blönduóss og stofnaði fyrstu verslun sem þar var reist.

Kaupmenn brugðust illa við þessari samkeppni frá Félagsversluninni og bundust samtökum bæði hér innanlands og erlendis til að kæfa þennan félagsskap í fæðingu. Vonir manna og væntingar til hins nýja félags voru miklar og almenningur hefur fljótlega komið auga á þá möguleika og hagsbætur sem stofnun þess hafði í för með sér. Í Norðanfara árið 1872 er birt kvæði í tíu erindum sem ber nafnið *Ávarp til Húnvetninga*, varpar skemmtilegu ljósi á vangaveltur manna um verslunina og frelsishugmyndir á þessum tíma. Þriðja og fjórða erindið er á þessa leið:

Hollar lifna hagsmunabætur

Húnaþings um víða byggð,

Komin er á frjálssa fætur

Félagsverslun lögum tryggð,

nú sem alltaf dag frá degi

drjúgri framför getur náð

skörungsstjórn því skorir eigi,

<sup>19</sup> *Sendibréf til Húnvetninga og Skagfirðinga*, s. 8.

<sup>20</sup> *Norðanfari*, 28. júlí 1871.

skynsamleg og forsjál ráð.

Pétur fannst á framkvæmd laginn,  
fór því sendur Norveg að,  
oss að búa best í haginn  
Björgvinar í háum stað;  
hann að sumri – vér þess vonum –  
völdum hingað stýrir knörr;  
árum bestu heilla honum,  
heilög gæfan beini för!<sup>21</sup>

Félagsfundur haldin var haldinn á Þingeyrum 24. júní 1872. Af reikningum sem fram voru lagðir sást að ágóði hluthafa var tuttug af hundraði. Ríkti mikil ánægja og bjartsýni á fundinum. Þótt allt hafi gengið heldur seint, þá voru vörurnar yfirleitt betri en menn áttu að venjast og verulegur ágóði. Var því ákveðið að safna enn 800 nýjum hlutum. Á fundinum var einnig samþykkt tillaga um að reyna að fá bændur til að lofa verslun eingöngu við félagið í fimm ár.

Árið 1872 kom Björgvinargufuskipið Jón Sigurðsson þrjár ferðir með vörur til íslensku félagsverslunarinnar, þar á meðal til Borðeyrar og Grafaróss. Í fyrstu ferð þess var Pétur Eggertz með en hann fór jafnan sjálfur út til vörukaupa. Um þriðju ferð skipsins er sagt að nú sé „sá munurinn, að þar sem hann hafði farið tómskipa héðan, sem næst, í 2 fyrri ferðum, þá fór hann nú með hlaðfermi af allskonar íslenskrri vöru, saltfisk, lýsi, æðardún og ull...“<sup>22</sup>

Félagssvæðið breiddist út og náði fljótlega norður í Skagafjörð og til Siglufjarðar, og suður um Mýrar og Borgarfjörð. Meginhluti af vörum var afskipað á Borðeyri en einnig voru vörur fluttar til Grafaróss fyrir Skagafjörð og austurhluta Húnavatnssýslu. Þá voru pantaðar vörur fluttar á Sigríðarstaðaós í Þverárhreppi í Vestur-Húnavatnssýslu og afhent þar. Kaupmenn á Skagaströnd og Hólanesi töldu þá verslun óleyfilega og urðu málaferli milli þeirra og félagsins.

Árið 1874 var félagssvæðið orðið það stórt að leigja þurfti þrjú skip til viðbótar eigin skipi félagsins. Eitt þeirra fór til Akraness fyrir Borgfirðinga og Mýramenn. Í blaðinu Norðanfari er birt bréf úr Húnavatnssýslu, dagsett 14. júlí 1874. Í því segir meðal annars:

*22. – 23. fyrra mánaðar var verslunarfélagsfundur haldin á Borðeyri, af Skagfirðingum, Húnavetningum, Mýramönnum, Strandamönnum og Borgfirðingum. Var rætt um lög félagsins og gjörðar á þeim miklar breytingar... Ekki gátu menn vitað um fjárhag félagsins, né rætt um þrísu, þar sem kaupstjóri kom ekki fyrri en nokkrum dögum síðar, og hafði hann engar greinilegar skýrslur sent, en mikið fé hafði verið lagt í félagið*

<sup>21</sup> *Norðanfari*, 19. mars 1872. S.J.J stendur undir kvæðinu.

<sup>22</sup> *Þjóðólfur*, 29. ágúst 1872.

*næstliðið ár. Um næstliðið ár var hlutatalan orðin 1,187, og þar að auki hafði safnast talsvert fé til skipakaupa í sérstöku félagi, auk skipsins „Elfríðar“, sem beinlínis er eign verslunarfélagsins. Innfluttar vörur til verslunarfélagsins, voru næstliðið ár hartnær 100.000 rd.<sup>23</sup>*

Einhver óánægja byrjaði nú að grafa um sig, reikningar voru seinni á ferðinni en lögin gerðu ráð fyrir. Til þess kunna að liggja ýmsar ástæður, t.d. var talað um að innlenda varan seldist illa vegna slæmrar verkunnar. Það eimdi lengi eftir af þeim hugsunarhætti að þetta eða hitt væri nógu gott í kaupmanninn. Seint og illa gekk að fá landsmenn til að vanda framleiðslu afurða sinna og gætir þess jafnvel enn.

Og nú byrjuðu erfiðleikarnir. Ekki hafði tekist haustið áður að fá skip til fjárflutninga vegna sjúkdóma erlendis. Hefði það gengið hefði komið gjaldeyrir inn í landið og forðað skuldasoöfnun. Haustið 1874 strandaði vöruskip félagsins við Melrakkasléttur, og Íslenska samlagið í Björgvin varð gjaldþrota og taldi til 13.000 ríkisdala skuldar hjá verslunarfélaginu.

Stjórnin fundaði í skyndi á Borðeyri og ákvað að halda aðalfund á Stóru-Borg dagana 17.-19. febrúar 1875. Þar voru mættir 60 fulltrúar af öllu svæðinu norðan úr Fljótum og sunnar úr Leirársveit. Á þessum fundi urðu nokkur átök. Ákveðið var að skipta félaginu í tvennt og kosnir sex fulltrúar til að annast skiptinguna. Þann 23. febrúar sama ár var svo fundur á Borðeyri með fulltrúunum og félaginu skipt um Gljúfurá í Húnaþingi, og stofnuðu vestanmenn Borðeyrarfélagið með Pétur Eggertz sem framkvæmdastjóra, en Skagfirðingar og Austur-Húnavetningar Grafaróssfélagið og var séra Jón A. Blöndal fyrir því.

En nú fór að halla undan fæti hjá félagsversluninni. Svo virðast skuldir hafa verið lítt viðráðanlegar og rekstrarfjárskortur meiri en svo ungt fyrirtæki gæti borið, þar sem engin bankastarfsemi var í landinu. Forráðamenn félagsins voru hart dæmdir sem oft er venja ef illa gengur. Búast má við að mistök hafi átt sér stað við stjórnun verslunarfélagsins og ekki óeðlilegt, því verslunarþekking var lítil meða landsmanna og reynsla engin í svona rekstri. Talað er um að innlend vara, svo sem ull, hafi verið of hátt verðlögð til innleggs, um 10 aurum hærra en hjá kaupmönnum og hefði þetta gerst án vilja og vitundar framkvæmdastjóra. Samkeppnin við kaupmenn var hörð og þeir bundust samtökum gegn félaginu bæði innanlands og utan.

Fullvíst er þó að Félagsverslunin hefur haft áhrif á afkomu manna og stuðlað að framförum. Í fréttabréfi úr Hrutafirði 1897 kemur fram að hún hafi haft mikil áhrif á verð á mörgum vörutegundum og einnig til hækkunar á afurðum, t.d. á ull, til verulegra hagsbóta fyrir þá sem versluðu á Borðeyri. Séra Jón A. Blöndal hafði sent Grafaróssfélaginu erindisbréf með fyrirmælum um meðferð ullar, svo hún gæti selst sem fyrsta flokks vara. Voru reglur þessar taldar merkilega líkar ullarmati er gildi um miðja tuttugustu öld.

Árið 1875 kom vöruskip á vegum Félagsverslunarinnar frá Björgvin til Grafaróss og Borðeyrar, fór þaðan vestur á Breiðafjörð, sneri aftur og til Borðeyrar og tók þar 1000 fjár og 100 hesta. Verð á hesti var 100 krónur, en á sauð 18 krónur. Þetta var fyrsta tilraun með sölu á lifandi peningi við Húnaflóa.

---

<sup>23</sup> *Norðanfari*, 31. ágúst 1874.

Seint á árinu 1876 fór fram uppgjör á eignum og skuldum. Til þess voru eftirtaldir menn kosnir: Séra Eiríkur Briem, sem var formaður, Pétur Eggertz, Sigurður E. Sverrisson sýslumaður, séra Jón A. Blöndal, séra Sveinn Skúlason og Bjarni Einar Magnússon sýslumaður. Var 50 króna hlutur virtur á 30,81 krónu.

Árið 1877 lagðist Borðeyrarfélagið niður, en þó var félagið aldrei lýst gjaldþrota. Grafaróssfélagið leið undir lok ári síðar. Margt mun hafa stuðlað að því að þessi samtök urður ekki langlífur, en þau höfðu mörgu góðu til leiðar komið. Sú hugsun efldist að landsmenn sjálfir gætu tekið að sér verslunina með samtökum. Menn vöndust af undirlægjuhætti gagnvart kaupmönnum og kenndi þeim að flytja ekki skemmda vöru. Félagsverslunin hvatti viðskiptamenn til vöruvöndunar á afurðum og flutti fyrst inn hentug atvinnutæki. Þau reyndu fyrstu sauðasöluna til Skotlands og fleira mætti telja. Í kjölfarið vaknaði samvinnuhugsjónin.

Pétur Eggertz dvaldi á Borðeyri til 1879. Þann vetur vann hann að smíði á sexæringi í pakkhúsi Brydeverslunar ásamt Jóni Andréssyni, síðar bónda á Ballará. Pétur fór frá Borðeyri áður en ísa leysti af Hrutafirði og lét hesta draga bátinn á ísnum út fjörðinn. Hann sigldi síðan inn Bitrufjörð. Lét draga bátinn yfir hálsinn milli Birtufjarðar og Gilsfjarðar og flutti farangur sinn sömu leið. Þaðan sigldi hann vestur á Akureyjar til föður síns, Friðriks Eggertz.

## **Kaupmenn á Borðeyri**

Þegar Borðeyrarfélagið leið undir lok 1877 sigldi Pétur Eggertz til Englands og fékk Zöllner stórkaupmann til að senda skip á Borðeyri með vörur. Einnig keypti Zöllner verslunarhúsin á Borðeyri og varð Pétur verslunarstjóri hjá honum uns hann flutti alfarinn frá Borðeyri. Við versluninni tók þá tengdasonur Péturs, Kristján Hall. Hans naut ekki lengi við, lést af voðaskoti 1881. Eftir heimildum að dæma var hann vel látinn, en ef til vill ekki nógu reglusamur. Þá er sagt að Zöllner hafi verið harður húsbóndi.

Eftir fráfall Kristjáns Hall urðu eigendaskipti að versluninni og komst hún nú í eigu Hans A. Clausens kaupmanns, sem rak verslun víða í Vestfjarðafjórðungi og var sá hinn sami og sendi fyrsta skipið til Borðeyrar 1848. Verslunarstjóri hans varð Heinrich Biering og rak hann Clausenverslun í 10 ár. Bókhaldari var Theódór Ólafsson frá Melstað, kvæntur Ásdísi Guðmundsdóttir. Börn þeirra tóku sér ættarnafnið Theódórs.

En nú var komin önnur verslun til sögunnar á Borðeyri. Árið 1878 reisti kaupmaðurinn Valdimar Bryde verslunarhús á Borðeyri. Var það mikil bygging á þeirra tíma mælikvarða, grunnflöturinn var 18x15 álnir. Sneri húsið stöfnum í norður og suður og stóð samhliða húsi Clausenverslunar, aðeins var mjótt sund í milli. Var ein hæð undir þakskeggi að þeirra tíma sið, en ris svo hátt að yfir stofuhæð voru tvö loft. Húsaviðurinn var fluttur tilsníðinn frá Danmörku og gekk smíðin því fljótt fyrir sig. Hús þetta var mjög vandað að viðum og allri gerð, og talið að af timburhúsum staðarins er mest var borið í. Þar sem Bryde var að hefja fasta verslun þurfti hann mikið af vörum og er það í frásögu fært að þá voru fjögur kaupskip í einu í Borðeyrarhöfn. Þrjú á vegum Bryde, en eitt til Clausenverslunar.

Verslunarstjóri hjá Bryde var Sveinn Guðmundsson frá Búðum á Snæfellsnesi. Kona hans var Kristín Edvarðsdóttir. Hún þótti forkunnarfögur. Það var um giftingu hennar og Sveins sem Kristján Jónsson fjallaskáld kvað hina alkunnu vísu;

Sveinn á Búðum fái fjúk

fékk hann hennar Stínu.

Öndin spriklar öfundsjúk

inn í brjósti mínu.

Með kaupskipinu Júnó sem flutti húsaviðinn og verslunarstjórann til Borðeyrar var fátækur danskur unglingspiltur, sem var kominn frá Kaupmannahöfn til Borðeyrar sem verslunarlærlingur og varð síðar bókarí Brydeverslunar. Þessi maður átti eftir að verða þjóðkunnur sem einn af mestu athafnamönnum hér á landi. Nafn hans var Thor Jensen.

Í minningu Thors er að finna góða frásögn af verslun á Borðeyri og líf skjörum fólks í Hrútafirði. Þar fer hann lofsamlegum orðum um sveitarfólkið er sótti verslun til Borðeyrar og segir meðal annars: „Það kom greinilega í ljós, hve lítið menn tóku út af óþarfa varningi, hve þjóðin var sparsöm og hve mikla áherslu allur almenningur lagði á það að komast af á eigin spýtur“.<sup>24</sup> Einnig segir Thor frá því fyrsta sem hann eignaðist í þessu landi, fjallalambi sem Daníel Jónsson, bóndi frá Þóroddsstöðum, gaf honum.

Vorið 1880 fluttist til Borðeyrar ekkja vestan af Snæfellsnesi, frænka Sveins Guðmundssonar verslunarstjóra og settist að í skjóli hans. Þessi kona hét Steinunn Jónsdóttir. Með henni komu tvö af börnum hennar, annað stúlka á þrettánda ári, Margrét Þorbjörg Kristjánsdóttir. Hún varð seinna kona Thor Jensen og kynni þeirra hófust á Borðeyri. Eftir að Steinunn flutti með börn sín til Akraness 1883, festi Thor ekki lengur yndi á Borðeyri og flutti þaðan ári síðar en bar þó jafnan ræktarhug til staðarins.

Verslunarsvæði Borðeyrar var afar stórt á þessum árum. Þangað sóttu bændur úr suðurhluta Strandasýslu, úr Dalasýslu allt vestur í Saurbæ, úr Norðurárdal og Þverárhlíð í Borgarfirði og úr Húnavatnssýslu austur að Vatnsdal. Útflutningur frá Borðeyrarverslunum var á næstu árum talinn mestar allt að 1200 ballar af ull. Eftir því ætti sauðfjáreign viðskiptamanna Borðeyrarverslana að hafa verið um 90 þúsund fjár en þá er talið að í landinu séu alls 454 þúsund sauðfjár.

Haustið 1878 komu fleiri en eitt af skipum enska fjárkaupmannsins Slimons til Borðeyrar og tóku fé svo þúsundum skipti bæði úr fjarlægum og nærliggjandi sveitum. Eitthvað var tekið af hrossum í skip á Borðeyri, en oftast munu það hafa verið rekin suður. John Coghill fjárkaupmaður var vel kunnur hér um sveitir sem víðar. Hann keypti fé og hross fyrir Slimon í Leith. Fannst mörgum gott við hann að skipta, hann greiddi fyrir í ensku gulli og þótti áreiðanlegur í viðskiptum. Coghill var þeim sem hann hittu mjög minnistæður. Thor Jensen lýsir honum þannig:

---

<sup>24</sup> Thor Jensen: *Minningar 1. Reynsluár*, s. 72

Coghill lærði fljótt graut í íslensku á ferðum sínum, svo hann gat gert sig skiljanlegan við hvern sem var. En sérstaklega lærði hann til fullnustu að blóta á íslensku. Fléttaði hann blótsyrðunum inna um allt sitt tal, við hvern sem hann ræddi, eins og hann héldi, að þetta væri málskrúð hið mesta og kurteisi.<sup>25</sup>

Í kringum 1880 fóru bændur í grennd við Borðeyri að panta vörur með Coghill og fljótlega upp úr því mynduðust víðar pöntunarfélög í sambandi við hrossa – og sauðakaupin. Aðallega voru pantaðar byggingavörur og korn frá Englandi. Verðið þótti hagstæðara en hjá dönsku kaupmönnum og vörurnar betir. Talið er að Coghill sé með þeim fyrstu er fluttu þakjárn til landsins.

Alla tíð meðan lifandi fé var flutt út var aðalútflutningshöfnin fyrir Norðurland á Borðeyri og önnur á Akureyri. Í fyrstu mun fénu hafa verið skipað út í bátum en svo var sett upp fjárbryggja. Ekki þurfti mjög langa bryggju því aðdýpi er mikið. Lögðust skipin við hana og var féð rekið viðstöðulítið um borð alla leið ofan í lest eftir hlerum og brautum. Fjárbryggjan var tekin upp á hverju hausti.

Fyrstu ár níunda áratugs 19. aldar voru óvenju mikil harðindi á Íslandi, og þá fækkaði um þriðjung í sauðfjárstofni landsmanna. Eftir veturinn 1880 - '81, kaldasta vetur sem mælst hefur á landinu, brást grassprettu um sumarið. Vorið 1882 rak síðan hafís að öllu Norðurlandi. Lá hann landfastur frá Aðalvík og austur með öllu landi fram í ágúst og tepptust allar siglingar þann tíma. Matarskortur var í öllum kaupstöðum norðanlands og vöruþurrð í verslunum, einnig á Borðeyri. Þá var farið í kaupstað vestur í Stykkishólm til að fá brýnustu nauðsynjar, en verulegir hvalrekar björgðuð mörgum íbúum við Húnaflóa um vorið.

Þetta sumar var það kaldasta sem komið hefur síðan mælingar hófust. Um vorið varð skepnufellir og mikill lambadauði í vorhretum. Um sumarið var grasbrestur svo jörð gréri varla í utanverðum Hrutafirði, ógnarkuldi af sífelldum íspokum og norðanátt. Er sagt að á Norðurlandi hafi tíu sinnum orðið alsnjóa í sveitum frá Jónsmessu til rétta. Ofan á allt bættist skæður mislingafaraldur, sem bæði olli mantjóni og töfum frá heyskap. Þann 7. ágúst komst loks skip til Borðeyrar og varð þá annríki mikið, öllum lá á. Víðast var ekki búið að hirða eitt einasta strá. Miklu varð að farga vegna fódurskorts. Þetta haust flutti Slimons frá Borðeyri 7.498 fjár í tveim ferðum með skipinu Camoens. Fé þetta var keypt af fjárkaupmanninum Coghill. Af landinu öllu varu þá flutt 24.489 fjár.

Í vetrarbyrjun eða í nóvember 1882 kom til Borðeyrar enska skipið Lylie hlaðið fódurkorni og heyi sem keypt var í Englandi, en þar í landi fór fram mikil fjársöfnun vegna hallærisins á Íslandi. Með skipinu var Eiríkur Magnússon prófessor í Cambridge á Englandi, en hann hafið forgöngu um þessa söfnun. Á Borðeyri var skipað upp 2.500 sekkjum af fódurkorni og nær 700 böggum af heyi. Hreppstjórar sáu um skiptingu kornsins eftir þörfum, hver í sinni sveit. Af því fékk Strandasýsla 1.000 sekki en Húnavatnssýsla afganginn, en heyið var skipt til helminga. Þetta hey var vélbundið með vír og vakti það mikla athygli hér. Í mars kom síðan gufuskipið Nephtun með gjafavöru frá samskotanefnd í Danmörku. Það hafði áður komið á Reykjafjörð og á Borðeyri lagði það upp nær 1.200 rúgsekki. Veturinn hafið reyndar verið mildur, en í Strandasýslu var víða haglítið.

---

<sup>25</sup> Thor Jensen: *Minngar 1. Reynsluár*, s. 104.



Þessi harðindi urðu til þess að ýta enn undir ferðir manna til Vesturheims. Frá því er sagt að á hverju ári söfnuðust sama á Borðeyri hópur vesturfara og biðu þar eftir skipi. Enginn gat vitað hvenær skipið kæmi og áráddi fólkið ekki að fara lengra frá staðnum en á næstu bæi. Vesturfarar höfðu með sér tjöld og viðlegubúnað og komu sér fyrir á tanganum, sumir á austureyrinni, upp í lækjargilinu eða yfirleitt hvar sem tjaldstæði var að finna. Eitt sinn biðu um 300 mans á Borðeyri eftir skipi í sjö vikur. Það var árið 1883. Skipið sem átti að taka fólkið laskaðist í ís á Norðurfirði og var gert við það þar til bráðabirgða, en síðan siglt til Englands. Fólkið sem beið á Borðeyri við lélegan kost og slæman aðbúnað vissi ekkert um ferðir skipsins fyrr en löngu síðar. Flest þetta fólk hafði tekið sig upp frá búum sínum fyrir fátæktar sakir og vegna hinna miklu harðinda.

Sumarið 1888 byggir Clausensverslun heila hæð ofan á verslunarhús sitt og var það þá orðin stór og myndarleg bygging. Samkvæmt frásögn Sigurbjarna Jóhannessonar sem var starfsmaður Clausensverslunar frá 1889 var sú verslun í uppgangi er hann kom þar til starfa. Aftur á móti taldi hann verslun Bryde vera að dragast verulega saman. Lánaverslun var á þessum tíma búin að ná hámarki og bændur jöfnuðu viðskipti sín á milli með milliskrift í kaupstaðnum, sömuleiðis voru opinber gjöld greidd með ávísun á þann kaupmann er skipt var við. Útistandandi skuldir voru miklar við hver áramót og vörulager þurfti að vera stór þar sem sigling kom aðeins tvisvar á ári, vor og haust.

Árið 1890 varð sú breytinga á að Hans A. Clausen seldi Borðeyrarverslun Richard P. Riis, sem var búinn að vera í þjónustu Clausens um nokkurra ára skeið og hafði meðal annars rekið lausakaupsverslun í Skeljavík við Steingrímsfjörð að sumrinu. Ári síðar flutti Riis til Borðeyrar og tók við verslunarstjórninni en Biering verslunarstjóri flutti brott.

Í apríl 1892 keypti Riis einnig Brydeverslun, hús, vöruleifar og skuldir, og var þá ekki nema um eina verslun að ræða á Borðeyri, fyrst um sinn. Margir óttuðust þá aðstöðu er kaupmaðurinn hafði þegar hann var einn um hituna, en sá ótti reyndist ástæðulaus. Riis varð fljótlega vel metinn og virtur. Hann þótti og mjög áreiðanlegur og sagt var að loforð hans stæðu eins og stafur á bók. Hann lét sér einnig annt um vöruvöndun og reyndist í öllu hinn slyngast kaupmaður.

Þó Riis væri einn um fasta verslun til 1899 var nú ekki með öllu laust við samkeppni. Um þetta leyti var starfandi Verslunarfélag Dalamanna (stofnað 1886) sem hafði aðstöðu á Borðeyri og reisti þar vörugæmslu. Verslunarfélagið var pöntunarfélag og skipt í deildir. Ein þeirra starfaði á Borðeyri uns Verslunarfélag Hrútfirðinga, síðar Kaupfélag, var stofnað 1899.

Fljótlega færði Riis út verslun sína. Hann fékk útmælda lóð á Hólmavík og hóf þar verslun 1896. Theódór Ólafsson, sem áður er nefndur, stóð fyrir þeirri verslun og dvaldi á Hólmavík yfir sumar - og haustkaup tíðina en lokað var þess á milli. Um aldamótin tók Jón Finnsson frá Kálfanesi við versluninni og var þar verslunarstjóri þar til hún var seld. Árið 1898 byrjaði Riis einnig að versla á Hvammstanga og byggði þar skúr yfir starfsemina. Hún var fyrst í stað rekin á svipaðan hátt og á Hólmavík. Vörur voru fluttar á hafnirnar og afgreiddar á sumar – og haustkaup tíð, en afurðir bændanna voru afhentar á Borðeyri og sláturféð rekið þangað. Árið 1901 reisti svo Riis verslunarhús á Hvammstanga og setti þar Sigurbjarna Jóhannesson sem verslunarstjóra. Verslanir Riis á Hólmavík og Hvammstanga voru upphaf þeirra staða og

fyrsta fastaverslunin þar. Um sama leyti reis upp verslun í Búðardal (við Hvammsfjörð) og varð nú verslunarsvæði Borðeyrar ekki nema svipur hjá sjón miðað við það sem áður var.

Riis bjó á Borðeyri sem konu sinni, sem var dönsk og hét Claudine, til ársins 1896. Þá fluttu þau hjón til Kaupmannahafnar. Riis kom þó á hverju vori og dvaldi fram yfir haustkaup tíð á Borðeyri. Verslunarstjóri hans á Borðeyri varð þá Theódór Ólafsson til ársins 1904. Eftir það rak Theódór verslun fyrir eigin reikning um skeið, uns hann lést 1906. Við verslunarstjórastarfinu hjá Riis tók tengdasonur Theódórs, Skúli Jónsson. Starfaði hann hjá Riis í fimm ár frá 1904, og varð síðan verslunarstjóri kaupfélags og sláturfélags á Blönduósi til æviloka. Þjóðkunnir voru synir Skúla og Elínborgar Theódórsdóttur, þeir Þorvaldur Skúlason listmálari og Theódór Skúlason læknir, báðir fæddir á Borðeyri.

Ein mesta framkvæmd Riis var hið vandaða sláturhús sem hann reisti árið 1912. Þetta hús var eitt hið besta og fullkomnasta á sinni tíð, og var notað sem sláturhús til '68 eða í full fimm tíu ár. Nú er húsið fjárrétt hins nýja sláturhúss. Síðasti verslunarstjóri Riisverslunar á Borðeyri var Hendrik Theódórsson, sonur Theódórs Ólafssonar.

Er Riis kaupmaður lést 1920, var myndað hlutafélag um verslunina og keyptu þeir Thor Jensen, Ólafur Benjamínsson stórkaupmaður í Reykjavík og Hendrik Theódórsson hana í félagi. Verslunin var áfram rekin undir nafninu Riisverslun til ársins 1930 er hún var seld Kaupfélagi Hrútfirðinga. Þar með var lokið kaupmannaverslun á Borðeyri, því síðan hefur Kaupfélagið haft þar alla versluna (undir nafninu Verslunarfélag Hrútfirðinga til 1940). Saga þess er rakin á öðrum stað í þessari ritröð og verður ekki endurtekin hér.<sup>26</sup>

## Önnur þjónusta

Fyrsta þjónustustarfsemi á Borðeyri önnur en verslun var veitingasala. Árið 1878 fluttist maður að nafni Jón Jasonarson til Borðeyrar frá Skagaströnd. Fyrstu árin starfaði hann við Clausenverslun sem afgreiðslu – og pakkhúsmáður. Fljótlega hóf Jón veitingasölu, í fyrstu aðeins um helgar, seldi öl og vindla í stofu sinni og þar var einnig spilað fyrir dansi stundum. Thor Jensen segir í minningum sínum:

Á laugardags – og sunnudagskvöldum kom þangað oft glaðvær náungi úr sveitinni, Jón nokkur frá Ljótunnarstöðum, til þess að skemmta fólkinu. Lék hann þar stundum á harmóníku fyrir dansi. ...Þar var ekki aðeins Borðeyrarfólk. Ungt fólk kom frá næstu bæjum og handan yfir fjörð, þegar það fréttist, að slík samkoma væri í vendum. Þetta var miðstöð æskunnar og gleðinnar.<sup>27</sup>

Uppúr 1880 reisti Jón Jasonarson hús upp við melinn rétt hjá læknum og settist þar að sem veitingamaður. Hús þetta var oftast kallað Vertshúsið en í sumum heimildum hótelið, hefur sennilega haft einhver gistirúm. Þarna var veitinga – og vínsala, og drykkjuskapur var talinn hafa aukist við tilkomu Vertshússins.

Jón Jasonarson var vel kynntur hér í firðinum og talinn óáleitinn um annarra hag. Sagður hafa góða stjórn á gestum sínum þó drukknir væru, svo sjaldan kom til ryskinga eða óláta. Jón

<sup>26</sup> Sjá *Strandir 2*, s. 227-64, („Kaupfélag Hrútfirðinga“ eftir Jónas Einarsson). Sjá einnig í sömu bók, s. 320-41, („Verkalýðs – og smábændafélag Hrútfirðinga“ eftir Jón Kristjánsson frá Kjörseyri. Þar er sagt frá Borðeyrardeilunni).

<sup>27</sup> Thor Jensen: *Minningar 1 Reynsluár*, s. 95 og 97.

var hestamaður og mikill reiðmaður, og átti gæðinga þegar hann var á Borðeyri sem taldir voru hesta bestir í nálægum sveitum. Þegar Jón lést árið 1902 rak ekkja hans, Þóra Guðjónsdóttir, veitingasöluna áfram allt til þess er hún flutti til Reykjavíkur. Hún lét rífa gamla veitingahúsið og reisa annað stærra, tvílyft hús með svölum móti suðri. Það þótti afar glæsileg bygging og staðarprýði.

Það orð lék á starfsemi Vertshússins að þegar menn færu að þreyta fast drykkju og sitja lengi við og væru orðnir ölvaðir, léti Þóra vert, eins og hún var kölluð, þynna vínið með vatni. Vínið var sótt í könnu í kjallara undir litlu timburhúsi er stóð á lækjarbakkanum. Í kjallaranum stóðu vintunnurnar á stokkum og stutt var í lækinn til að bæta í vatninu. Maður að nafni Björn Hinriksson var þarna lengi starfsmaður.

Haustkvöld eitt, meira en hálfri öld eftir að Vertshúsið var horfið frá Borðeyri var Eyjólfur Jónsson, bóndi í Sólheimu í Dölum, staddur þar sem oftast. Eftir að hafa lokið erindum sínum gekk hann í rökkrinu eins og leið lá upp með læknum en hann átti hest sinn geymdan á túnbletti í Lækjardalnum hjá vini sínum Einari Elíesersyni. Þegar hann var kominn móts við þann stað er Vertshúsið stóð varð honum hugsað til liðins tíma, er ferðamenn fengu sér hressingu hjá Þóru vert áður en haldið var úr kaupstað. Honum sagði svo frá:

Mér fannst sem ég sæi hann Björn minn Hinriks skjótast með könnuna inn í kjallarann til að renna í hana víni og bregða henni svo undir lækjarbununa til að fylla hana betur, áður en af henni væri skenkt í Vertshúsinu.

En þetta var aðeins minnig, Vertshúsið var löngu horfið með gestum sínum og glaum og starfslíði öllu. Það eina sem eftir var óbreytt var lækurinn sem ennþá hjalaði við bakkann og skoppaði glettinn til sjávar eins og hann hafði gert öld fram af öld. Þá kvað Eyjólfur þessa vísu til lækjarins:

Það var litla lindin mín,  
löngum að þér kropið.  
Blandað við þig brennivín,  
blessað vel og sopið.

Blómaskeið veitingareksturs á Borðeyri varði stutt. Aðflutningsbann á áfengi 1912, og síðan algjört bann við sölu þess þrem árum síðar, kippti grunninum undan þessari starfsemi. Þegar Þóra vert flutti til Reykjavíkur seldi hún Gunnari Sigurðssyni frá Selalæk Vertshúsið. Hann lét rífa það og flytja til Reykjavíkur, en þar var mikil húsnaðisekla á þeim tíma. Húsið var reist aftur og stendur enn við Hallveigarstíg 10, að vísu talsvert breytt.

Um tíma sat sýslumaður Strandasýslu á Borðeyri. Fyrstur var það Marinó Hafstein (1867 – 1936), skipaður sýslumaður 1899 og gegndi því embætti til 1909. Hann sat fyrst á Borðeyri um skamman tíma, en síðan á Óspakseyri. Halldór Kr. Júlíusson (1877 – 1976) var skipaður sýslumaður Strandamanna 1909 og bjó á Borðeyri alla sína sýslumanstíð, eða til '38 er hann flutti brott úr sýslunni. Eftir það hefur sýslumannssetur verið á Hólmavík. Halldór sýslumaður var röggamt yfirvald og setti svip á mannlíf í héraði. Hann keypti Valdasteinsstaði árið 1921

og rak þar fjárbúskap. Halldór bjó og hafði skrifstofu í húsi því sem Bryde kaupmaður reisti fyrir verslun sína og fékk nafnið sýslumannshús.

Á árunum 1914 - '36 bjó á Borðeyri Ólafur Jónsson. Hann lærði trésmíði ungur og fór utan til Kaupmannahafnar til framhaldsnáms með stuðningi Riis kaupmans. Úr náminu kom hann aftur með tilhöggna grindina í hið myndarlega sláturhús er Riis reisti á Borðeyri 1912. Ólafur þóttir hinn ágætasti smiður og hafði jafnan nokkra lærlinga meðan hann var á Borðeyri. Hann var yfirsmiður við byggingu Reykjaskóla 1930 - '31. Ólafur var tvíkvæntur, fyrri konu sína Jónu Þórey Sveinsdóttur missti hann eftir skamma sambúð. Seinni kona hans var Elínborg Sveinsdóttir. Hún starfaði við símann á Borðeyri og varð síðan símsstöðvarstjóri á Þingeyri er þau hjón fluttu þangað 1936. Þau hjón áttu mörg börn og eru sum af þeim þjóðkunn, svo sem Yngvi sýslumaður og Höskuldur bankastjóri.

Árið 1931, þann 28. janúar, varð stórbruni á Borðeyri. Þá kviknaði í nýlegu þriggja hæða verslunarhúsi Kaupfélagsins en í því var sölubúð, skrifstofa, vörugeymsla og íbúð fyrir framkvæmdastjóra. Veður var hagstætt þennan dag, en ella hefði varla tekist að verja næstu hús. Þá var lán í óláni að Goðafoss var staddur á Borðeyri og komu farþegar og skipsmenn heimamönnum til hjálpar við björgunina. Morguninn eftir gaus upp eldur í timburgeymsluhúsi rétt hjá rústunum, vörum var bjargað en húsið brann.

Á fyrstu árum heimstyrjaldarinnar síðari jókst íbúatala í kauptúninu skyndilega um tíma. Þá tóku Bretar sér bólfestu á Borðeyri og hugðust mæta þar innrás Þjóðverja í Hrutafjörð. Bækistöðvar þeirra voru í þrem eða fjórum bröggum í þorpínu, og þeir höfðu einnig sýslumannshúsið og félagsheimilið til afnota. Ekki var þetta fjölmennt lið, á bilinu 20 til 40 mans. Aftur á móti höfðu Bretar og síðar Bandaríkjamenn afar fjölmennt lið í Reykjaskóla og nágrenni hans. Þann 13. febrúar 1942 drukknuðu 18 breskir hermenn í Hrutafirði út af Borðeyri. Alls lentu 24 Bretar í sjónum, af fjórum smákænum og þrömmum sem allir sukku, en Haraldur Jónsson sem þá var símritari á Borðeyri gat með hjálp hermanns bjargað sex þeirra í land.

Herinn hafði varðstöðu á melbarðinu ofan við Borðeyri rétt við þjóðleiðina. Þar næddi um varðmenn og fátt bar til tíðinda, og eflaust hefur dátum stundum leiðst staðan í varðskýlinu. Þeir gerðu gælur við hunda ferðamanna og tókst að hæna svo kyrfilega til sín fjárhund frá einum bóndanum að hann yfirgaf húsbónda sinn og settist að hjá setuliðinu breska. Var hundurinn sá einn um það að fara í „ástandið“ í plássinu.

En vera Bretanna varð örlagarík fyrir Borðeyri. Þeir fóru ógætlega með eld og í febrúar 1941 kviknaði í sýslumanshúsinu fyrir þeirra tilverknað. Í annað sinn á stuttum tíma varð stórbruni á Borðeyri. Sýslumanshúsið brann til kaldra kola og öðru sinni missti Kaupfélagið verslunarhús sín. Einnig brann frystihúsið og tækjabúnaður þess en sláturhúsinu var bjargða með því að rjúfa kælihús sem tengdi það frystihúsinu. Minnstu munaði að flest hús staðarins yrðu eldinum að bráð. Segja má að eftir þetta áfall hafi staðurinn aldrei náð sér. Þó mikið sé búið að byggja upp síðan, bæði verslunarhús og sláturhús, hefur frystihúsið aldrei verið endurreist þó það hafi oft komið til tals. Kannski hefði einmitt skipt sköpum fyrir uppbyggingu nýrra atvinnutækifæra á staðnum ef þar hefði staðið frystihús.

Þegar landsímminn lagði línu til Ísafjarðar árið 1908 var fullkomin fyrsta flokks símstöð sett upp á Borðeyri. Þrem árum síðar var reist vandað tvíflíft steinhús yfir símstöðina og stendur það enn, einmitt á sama stað og fyrsta húsið á Borðeyri, torfbærinn sem Pétur Eggertz reisti. Fyrsti símstöðvarstjórinn var Björn Magnússon, einn af fjórum fyrstu Íslendingunum er lærðu símritun. Aðrir sem gengdu embætti símtjóra voru Ólafur Kvaran, Sigurður Dahlmann og síðast Magnús Richardsson. Hann var símtjóri frá 1933 til '52, þar af síðast starfsárið í Brú eftir að símstöðin fluttist þangað 22. júní 1951.

Við símstöðina starfaði alltaf nokkuð af fólki. Auk símtjóra var símritari og nokkrar stúlkur unnu sem talsímaverðir. Í símahúsinu var einnig alltaf starfandi pósthús. Það má því með réttu segja að þorpið setti ofan við flutning símstöðvarinnar, enda telja sumir tímenn sem hún starfaði þar blómaskeið Borðeyrar. Ungu fólkið sem þar var setti léttan og skemmtilegan blæ á kaupúnið sem alltaf hefur verið fámennt.

Eftir að stöðin flutti inn í Brú fékk gamla landsímahúsið nýtt hlutverk. Það varð að skólahúsi fyrir hreppinn og í því starfaði barnaskólinn frá haustinu 1951 þar til reist var nýtt skólahús, stórt og myndarlegt. Þangað flutti grunnskólinn '74. Nýja skólahúsið er einnig miðstöð félagslífs fyrir sveitina, Lestrarfélag Bæjarhrepps hefur þar aðsetur og eins hefur Sparisjóður Hrútfirðinga skrifstofu sína og afgreiðslu í húsinu.<sup>28</sup>

Kaupfélag Hrútfirðinga og Ræktunarsamband Bæjar – og Óspakseyrarhrepps byggðu árið 1959 rúmgott geymsluhús fyrir bíla sínar og vélar. Í því hófst rekstur vélaverkstæðis '65 á vegum Þorvaldar Helgasonar. Nokkrum árum síðar tók Steinn Eyjólfsson við rekstrinum og hafði hann með höndum til 1978, en þá var húsið stækkað mjög mikið og stofnað um það og reksturinn hlutafélagið Klöpp. Félagið hefur sjálft séð um rekstur verkstæðisins síðan. Verkstjóri er Sveinn Karlsson.

Eitt sinn var uppi sú hugmynd að lækni hefði aðsetur á Borðeyri. Þannig kveða lög frá 1944 á um að stofna skuli læknishérað á Borðeyri. Skyldi það ná yfir þrjá hreppa, Bæjarhrepp, Óspakseyrarhrepp og Staðarhrepp. Lagaákvæði þessi komu þá aldrei til framkvæmda, þannig að Óspakseyrarhreppur heyrir undir heilsugæsluumdæmi Hólmavíkur en Bæjar – og Staðarhreppur sækja heilbrigðisþjónustu til Hvammstanga. Um skeið var sjúkraflugvöllur á Borðeyrarmel, en hann er nú aflagður fyrir nokkru.

---

<sup>28</sup> Sjá *Strandir* 2, s. 375-8, („Sparisjóður Hrútfirðinga“ eftir Jón Jónsson).